# Wood Oil Impredur

Flügger Wood Oil viðarolía er vörulína sem samanstendur af ýmiss konar vörum til olíumeðhöndlunar á við utanhúss. Olían ver yfirborð viðarins, en dregur um leið fram byggingu viðarins og æðamynstur.




## Vörulýsing

Vatnsþynnt , sérhönnuð viðarolía með sérlega vatnsfráhrindandi eiginleikum. Með vörn gegn útfjólubláum geislum sem ver viðinn gegn skaðlegum geislum sólarinnar. Viðarolía með litarefni veitir bestu vörnina. Hamlar vexti myglu og sveppagrodurs a yfirbordi lokaumferdar.

- **Gerir byggingu viðarins og æðamynstur sýnilegri**
- **Sérlega vatnsfráhrindandi yfirborð**
- **Með vörn gegn útfjólubláum geislum**

## Notkunarmöguleikar

Fyrir yfirborðsfleti úr viði, viðarpalla, garðhúsgögn, glugga og hurðir.
Fyrir ljósar og dökkar, veðurþolnar viðartegundir og gagnvarinn við.

## Undirlag

Undirlagið þarf að vera ídrægt, hreint, þurrt, þétt og henta til yfirmálunar.
Efnið má ekki nota á undirlag sem hefur verið lakkað, málað eða meðhöndlað með þekjandi viðarvörn.
Forðast ætti þverskorinn við með ófullnægjandi vernd, vatnsgildrur eða mögulega uppsöfnun vatns.
Rakahlutfall í viði fyrir málun má að hámarki vera: 18 %.

## Meðhöndlun

Flagnandi eldri viðarvörn og trosnaðar viðartrefjar er fjarlægt með hreinsun og slípun.
Óhreinindi, fita og smitandi efni skal fjarlægja með Flügger Terrasserens.
Þörunga, myglu- og sveppagróður skal fjarlægja með því að hreinsa með Facade Anti-green.
Ójöfnur á yfirborðsfletinum skal pússa þar til flöturinn er sléttur.

## Notkun

Berið á með pensli eða rúllu og látið smjúga vel inn í viðinn.
Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit.
Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og strjúkið penslinum ævinlega í sömu átt.
Endurtakið meðhöndlun þar til viðurinn hefur mettast og hefur einsleita áferð, án þess að lakklag hafi myndast. Viðarolía er strokin af.
Endurmeðhöndlun: Endurmeðhöndlið um leið og viðurinn hefur tekið olíuna í sig og eigi síðar en 8 klst. eftir fyrstu umferð.
Forðast verður alla rakaþéttingu.
Forðist að vinna í beinu sólarljósi.
Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða.
Hærri lofthiti og lítill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann.
Gerið ævinlega prufu til að kanna viðloðun og útlit.

## Væntanleg útkoma

Litlaus eða gagnsæ auka vatnsfráhrindandi yfirborð.
Áætluð ending er 1-2 ár.
Yfirborðsþolið fer eftir gæðum viðarins, byggingu viðarins, aðferðum við meðhöndlun og váhrifum. Endingartími kann því að vera skemmri eða lengri en gefið er upp.

## Athugið!

Verjið nýlega málað yfirborð gegn óhagstæðu veðri.
Gerið viðeigandi ráðstafanir til að verjast áhrifum raka og rigningu á nýlega málað yfirborð.
Yfirborðið nær hámarksstyrk þegar það er fullharðnað.

## Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið sem mesta málningu af verkfærunum og þrífið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

**Geymsla:** Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

## Viðbótar upplýsingar

Skrád i gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Nordurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt ad nota vid Svansmerkt byggingarverkefni.

## Tæknilegar upplýsingar

| Vara | Tréolía |
|---|---|
| Eðlisþyngd (kg/l) | 1.01 |
| Þurrefnisinnihald vigt % | 22 |
| Þurrefnisinnihald rúmmál % | 21 |
| Efnisnotkun (m²/ltr.) | 12 |
| [wetgoodTDSCoverageLong] | 15 |
| [wetgoodTDSCoverageShort] | 10 |
| Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðnun | Min. +10°C |
| Loftraki | Hámarks loftraki 80% RH. |
| Þurrktími við 20°C, 60% RH (Timar) | 1 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 28 |
| þynning | Má ekki þynna |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Vatn |

**Núverandi TDS útgáfa**

desember 2021

**Í staðinn fyrir TDS útgáfu**

desember 2021